

Ár 2007, miðvikudaginn 18. apríl, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrínu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni, Kristni Bjarnasyni, Kristni Hallgrímssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að leiðrétta launagrunn hæstaréttardómara og héraðsdómara

I.

Með lögum nr. 2/2006 um breytingu á lögum nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd var úrskurður Kjaradóms frá 19. desember 2005, sem fól í sér 8,16% launahækkun, felldur úr gildi frá og með 1. febrúar 2006. Frá sama tíma skyldu mánaðarlaun og einingar samkvæmt úrskurði Kjaradóms frá 9. júní 2005 hækka um 2,5%. Í kjölfarið höfðaði Guðjón St. Marteinson héraðsdómari mál gegn íslenska ríkinu og krafðist þess að fá greiddan þann mismun sem var á launum hans samkvæmt úrskurði Kjaradóms og eins og þau urðu með lögum nr. 2/2006, á þeim grundvelli að lögin hefðu verið andstæð ákvæðum stjórnarskrár. Héraðsdómur féll í málinu 19. desember 2006 og var þar fallist á kröfur stefnanda. Af hálfu ríkisvaldsins var ákveðið að áfrýja ekki dóminum. Í kjölfar þess ákvað fjármálaráðuneytið að greiða dómurum laun til 1. júlí 2006 í samræmi við niðurstöðu framangreinds héraðsdóms, eða til þess tímamarks að lög nr. 47/2006 um kjararáð tóku gildi.

Fullskipað kjararáð ákveður launakjör hæstaréttardómara og héraðsdómara, sbr. 3. gr. laga um kjararáð.

II.

Fulltrúar dómara og fjármálaráðuneytisins komu á fund kjararáðs 27. mars 2007 og skýrðu sjónarmið sín.

Með almennum úrskurði kjararáðs frá 4. október 2006 voru laun þeirra, sem fyrir gildistöku laga nr. 47/2006 um kjararáð tóku laun samkvæmt ákvörðun Kjaradóms og kjaranefndar, hækkuð um 3% frá 1. júlí 2006. Í niðurlagi 1. mgr. V. kafla úrskurðarins segir að kjararáð telji rétt að nota ákvörðun sem Alþingi tók í lögum nr. 2/2006 sem grunn að nýrri ákvörðun. Í áðurgreindum dómi felst bindandi niðurstaða um breyttan launagrunn fyrir dómara. Kjararáð hefur því ákveðið, með vísan til niðurstöðu héraðsdóms, að launagrunnur sá sem ákvörðun kjararáðs frá 4. október 2006 miðaðist við, hvað varðar hæstaréttardómara og héraðsdómara, skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

III.

Ákvörðunarorð

Breytingar á launum hæstaréttardómara og héraðsdómara samkvæmt úrskurði kjararáðs frá 4. október 2006 skulu miðast við eftirfarandi launagrunn:

Mánaðarlaun héraðsdómara	497.460 krónur,
mánaðarlaun dómstjóra	514.870 krónur,
mánaðarlaun dómstjórans í Reykjavík	551.541 króna,
mánaðarlaun hæstaréttardómara	632.907 krónur,

mánaðarlaun forseta Hæstaréttar
eining

677.986 krónur,
4.974 krónur.

Fjöldi eininga er óbreyttur.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Kristinn Bjarnason

Kristinn Hallgrímsson

Rannveig Sigurðardóttir